






-  **Framúrskarandi.** Nemandi sýnir framúrskarandi hæfni sem er meiri en ætlast er til.
-  **Hæfni náð.** Nemandi nær færninni sem stefnt er að með fáar eða engar skekkjur.
-  **Á góðri leið.** Nemandi er á góðri leið með að ná markmiðunum en verkefni ekki fullnægjandi.
-  **Þarfnast þjálfunar.** Nemandi hefur ekki fyllilega náð færninni sem stefnt er að. Lítil skilningur á viðfangsefninu.
-  **Hæfni ekki náð.** Nemandi sýnir ekki færni í viðfangsefninu sem liggur fyrir. Verkefnaskil ófullnægjandi.

Hæfniviðmið lotunnar:

Að nemandi:

- Geti útskýrt hlutverk helstu líffæra og líffærakerfa mannlíkamans, gerðir frumna, líffæri þeirra og starfsemi.
- Geti beitt algengustu hugtökum og heitum í náttúrugreinum unglíngastigsins.
- Geti framkvæmt og útskýrt sérhannaðar eða eigin athuganir úti og inni.
- Geti lesið texta um náttúrufræði sér til gagns, umorðað hann og túlkað myndefni honum tengt.
- Geti aflað sér upplýsinga um náttúruvísindi úr heimildum á íslensku og erlendum málum.